

Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Viðbragðsáætlun um skipulag skólastarf vegna sóttfaraldurs Covid-19

Uppfært skv reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar frá 3. nóvember 2020

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Regluger%c3%b0%20um%20takm%c3%b6rkun%20%c3%a1%20sk%c3%b3lastarfi%20vegna%20fars%c3%b3ttar%20fr%c3%a1%20200311%202020.pdf>

1. Viðbragðsáætlun á heimasíðu skólans skal uppfærð eftir gangi mála og nýjustu upplýsingar ávallt sýnilegar á fréttasíðu skólans.
2. Stjórnendur, skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, koma upplýsingum til kennara, nemenda og forráðamanna í gegnum upplýsingakerfi skólans sem er Viska.
3. Upplýsingaskylda starfsfólks og nemenda um eigin heilsu:
Öllu starfsfólki, nemendum og foreldrum er skylt að láta skólastjóra vita ef að:
 - o Viðkomandi hefur ferðast til eða gegnum lönd, landsvæði borgir sem eru á skilgreindum svæðum með smithættu samkvæmt vef Landlæknis. Finni viðkomandi fyrir einhverjum flensulíkum einkennum svo sem hita, hósta og beinverkjum þá skal vera í sambandi við yfirmann og meta hvort viðkomandi sé hæfur til vinnu sem þá hringir í læknavaktina í síma 1700 og fær ráðleggingar.
 - o Viðkomandi hefur komist í snertingu við eða verið í návígi við einstakling sem er með eða grunaður um að vera með viðkomandi veirusmit eða einstakling sem er í sóttkví eða einangrun.
 - o Öllu starfsfólki ber að gæta mjög vel að almennu hreinlæti; handþvottur, sprittun o.þ.h. og forðast einnig handabönd og líkamssnertingu. Skal bera grímur í sameiginlegum rýmum og við kennslu nemenda þar sem ekki er hægt að tryggja 2m fjarlægðarmörk, nemendur fæddir 2011 og síðar eru undanskildir grímuskyldu. Ef starfsmaður eða nemandi hins vegar fær einhver einkenni flensu þá skal hann halda sig heima og hringja í læknavaktina í síma 1700 og fá ráðleggingar þar. Starfsmenn mæti ekki aftur til vinnu nema að undangengu Covid-prófi, neikvæðri niðurstöðu og einkennalausir.
4. Forðumst í lengstu lög að allur vinnustaðurinn lendi í sóttkví með því að fylgja sóttvarnaráðum, tryggja skal handþvott starfsfólks og nemenda og þrifa skv leiðbeiningum umhverfi okkar. Takmörkun samgang fólks og virðum 2 metra fjarlægðarmörkin, ef ekki er unnt að halda 2m fjarlægðarmörkunum ber öllum að vera með grímu; nemendum fæddum fyrir 2011 og kennurum, grímur skulu notaðar í öllu starfi verði því við komið. Enginn mæti til vinnu eða náms veikur.

5. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að ávallt sé tiltækur sóttvarnabúnaður til að hreinsa snertifleti eins og nótnaborð, nótnastatif, hurðarhúna, vatnskrana o.fl. Á hverjum gangi og í hverju kennslurými séu grímur, hanskar, klútar, sápa og spritt eða önnur sóttvörn. Reglubundin sóttthreinsun sé á sameiginlegum rýmum eins og þrif á hurðarhúnum, ljósarofum, yfirborðsflötum o.þ.h. Kennarar sjái um sóttthreinsun kennslurýma milli allra kennslustunda.
6. Nemendur á leið í einkatíma hafi ekki samneyti við aðra nemendur úr öðrum nemendahópum á leið til kennslustofu. Grímunotkun í sameiginlegum rýmum gildir fyrir alla nemendur fædda fyrir 2011 og kennara. Kennarar gæti að sóttvörnum, einkum milli aðskilinna nemendahópa eins og grunnskólar skilgreina hverju sinni.
7. Aukin þrif kennslurýma, hljóðfæra og sameiginlegra rýma að loknum hverjum skóladegi.
8. Kennsla í einkatímum heldur óbreyttu sniði skv stundaskrá, kennarar og nemendur horfi til reglugerðar vegna sóttvarna, grímunotkun í kennslu eldri barna og fullorðinna og 2m fjarlægðarmörk og grímunotkun þegar fjarlægðarmörkum verður ekki komið við í kennslu yngri barna.
Hóptímar í bóklegum greinum skulu aðlagðir miðað við gildandi reglugerð þar sem blöndun hópa er óheimil, fjarlægðarmörk 2m í kennslurými.
Samleikur minni hópa taki mið af reglugerð og hópum innan grunnskóla.
Samsöngur klassískra söngnemenda taki mið af reglugerð; 2m fjarlægðarmörk, grímunotkun í hóp, syngjandi nemandi heimilt að taka niður grímu við söng.
Samsöngur rhytmískra söngnemenda miðist við reglugerð og aðlagður að hópum skólanna. Nemendur fæddir fyrir 2011 og kennarar beri grímur líkt og í klassískum samsöng (sjá að ofan).
Allt hljómsveitarstarf fellur niður þar sem blöndun mismunandi nemendahópa er mikil og ekki hægt að fylgja sóttvarnareglum er snúa að fjarlægðarmörkum og/eða grímuskyldu.
9. Kennarar gæti að því að hafa með sér heim öll þau gögn sem þeir þurfa til að geta sinnt eins og kostur er fjarkennslu komi til þess að þeir séu settir í sóttkví. Þannig gætu þeir kennt a.m.k. þeim nemendum sem hafa búnað og gætu nýtt sér slíkan búnað.
10. Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma í tónlistarskólann nema brýna nauðsyn beri til. Allir utanaðkomandi aðilar sem þurfa að koma í tónlistarskólann þurfa að vera með grímu.

Einstaka útibú Tónlistarskóla Eyjafjarðar

Hrafnagil:

Á Hrafnagili komi nemendur í kennslustundir eins og að framan er lýst. Þeir gæta sóttvarna í hvívetna eins og því verður við komið skv. fyrirmælum. Allir fæddir fyrir 2011 skulu bera grímur í sameiginlegum rýmum og starfsfólk við kennslu nemenda ásamt því að virða 2m fjarlægðarmörk eftir því sem verður við komið.

Sóttvarnir eru unnar í nánú samstarfi við aðra skóla og stjórnvöld Eyjafjarðarsveitar ásamt svæðisstjórn Almannavarna.

Grenivík:

Á Grenivík komi nemendur í kennslustundir eins og að framan er lýst. Allir fæddir fyrir 2011 skulu bera grímur í sameiginlegum rýmum og starfsfólk við kennslu nemenda ásamt því að virða 2m fjarlægðarmörk eftir því sem verður við komið.

Sóttvarnir eru unnar í nánú samstarfi við aðra skóla og stjórnvöld Grýtubakkahrepps ásamt fyrirmælum svæðisstjórnar Almannavarna.

Þelamörk:

Kennarar TE kenna nú í húsnæði gömlu heimavistar og fara því ekki inn í húsnæði Þelamerkurskóla. Nemendur á Þelamörk komi í kennslustundir eins og að framan er lýst og gæti sóttvarna í hvívetna skv. fyrirmælum. Allir fæddir fyrir 2011 skulu bera grímur í sameiginlegum rýmum og starfsfólk við kennslu nemenda ásamt því að virða 2m fjarlægðarmörk eftir því sem verður við komið.

Sóttvarnir eru unnar í nánú samstarfi við aðra skóla og stjórnvöld Hörgársveitar ásamt fyrirmælum svæðisstjórnar Almannavarna.

Lón á Akureyri:

Allir fæddir fyrir 2011 skulu bera grímur í sameiginlegum rýmum og starfsfólk við kennslu nemenda ásamt því að virða 2m fjarlægðarmörk eftir því sem verður við komið. Körfur með spritti, hönskum, grímum og sóttthreinsiefnum verði í kennslurýmum svo og biðrymi.

Sóttvarnir eru unnar skv fyrirmælum svæðisstjórn Almannavarna.